

Mars 2023



Hvítbók um samgöngumál

Drög að stefnumótandi
samgönguáætlun 2024 til 2038 og
fimm ára aðgerðaáætlun.

| Stjórnarráð Íslands

Innviðaráðuneytið

Sölvhólgötu 7 – 101 Reykjavík

545 8200 / irn@irn.is

Mars 2023

©2023 – Innviðaráðuneytið

ISBN 978-9935-494-44-3

stjornarradid.is

1. Drög að stefnu

Drög að stefnu, hvítbók, felur í sér umfjöllun og ákvörðun um framtíðarsýn, markmið og árangur af starfsemi yfir tiltekið tímabil, ávinning á tilteknu sviði eða sjónarmið og gildi sem byggt skal á. Stefna nær yfir tiltekið tímabil og er ætlað að stuðla að heildstæðri áætlanagerð, fyrirsjáanleika við töku ákvarðana um aðgerðir og markvissu eftirliti.

Innan stjórnáslunnar vísar hugtakið stefna einkum til þeirra pólitísku áherslna og umbóta, sem stjórnvöld hyggjast framkvæma og greint er frá í stefnum fyrir einstök málefnasvið og varða málaflokka og verkefni stjórnáslunnar.


Framkvæmd stefna kemur fram í aðgerðaáætlunum, ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda, reglugerðum og lögum.

Hvítbók er umræðuskjal sem lagt er fram í opnu samráði á netinu. Tilgangurinn er að hvetja til umræðu um stefnuna og möguleg áhrif hennar á íslenskt samfélag til skemmri eða lengri tíma.

Undanfari hvítbókar er gerð stöðumats (grænbók) sem unnið er í samráði við hagsmunaaðila. Í stöðumatinu er hagsmunaaðilum og almenningi öllum gefinn kostur á að taka þátt og leggja fram sjónarmið um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri á tilteknu viðfangsefni. Á þeim grunni útfæra stjórnvöld þingsályktun um stefnu.

Hvítbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda

Hvítbók birtist í opnu samráðsferli og að því loknu er farið yfir helstu sjónarmið sem fram koma áður en hin endanleg stefna er útfærð.



Mynd 1: Hvítbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda.

Efnisyfirlit

1. Drög að stefnu.....	2
2. Inngangur.....	4
2.2 Lykilviðfangsefni.....	5
3. Samgönguáætlun.....	7
3.1 Framtíðarsýn og meginmarkmið.....	7
3.2 Markmið og mælikvarðar samgöngumála	7
3.3 Áhrif á íslenskt samfélag.....	14
4. Aðgerðaáætlun.....	20
4.1 Markmið um greiðar samgöngur.....	20
4.2 Markmið um öruggar samgöngur	22
4.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur.....	24
4.4 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur	26
4.5 Markmið um jákvæð byggðaðróun.....	31

2. Inngangur

Góðar samgöngur eru forsenda þess að á Íslandi búi sjálfstæð nútímaþjóð enda hafa samgöngur mikil áhrif á hagsæld þjóðarinnar, þróun byggðar og atvinnumál.

Hvítbók um samgöngumál er hluti af stefnumótunarferli samgönguáætlunar. Samgönguáætlun er unnin á grunni laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008, með síðari breytingum. Í lögnum segir að innviðaráðherra skuli að minnsta kosti á þriggja ára fresti leggja fram tillögu á Alþingi til þingsályktunar um samgönguáætlun þar sem mörkuð er stefna og markmið fyrir allar greinar samgangna næstu 15 árin. Viðfangsefni hvítbókar er að leggja fram drög að stefnu stjórnvalda í samgöngum sem munu svo liggja til grundvallar þingsályktunartillögu um samgönguáætlun.

Vinna við endurskoðun samgönguáætlunar hófst formlega í desember 2020 og var grænbók um samgöngur gefin út í september 2021, að undangengnu víðtæku samráðsferli. Í grænbókinni birtist stöðumat fyrir málaflökkinn ásamt valkostum til framtíðar. Hvítbókin, líkt og grænbókin, er unnin á vettvangi samgönguráðs. Samgönguráð, sem skipað er af ráðherra skv. lögum um samgönguáætlun, gerir tillögu til ráðherra um stefnumótandi samgönguáætlun ásamt fimm ára aðgerðaáætlun. Við gerð hvítbókarinnar sátu eftirfarandi fulltrúar í samgönguráði:

- Lilja Einarsdóttir, formaður, fulltrúi ráðherra.
- Gissur Jónsson, varaformaður, fulltrúi ráðherra.
- Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Samgöngustofu.
- Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar.
- Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia ohf.
- Ólafur Kr. Hjörleifsson, skrifstofustjóri.

Með samgönguráði unnu að hvítbókinni Árni Freyr Stefánsson, Valgerður B. Eggertsdóttir og Friðfinnur Skaftason sérfræðingar á skrifstofu samgangna hjá innviðaráðuneytinu.

2.1 Samráð og samhæfing

Samráð og samhæfing hafa verið leiðarljós í allri vinnu við endurskoðun samgönguáætlunar, bæði grænbókar og hvítbókar. Hefur samráðið byggst á opnum fundum í öllum landshlutum og fundum með hagsmunaaðilum auk sameiginlegs fundar með fulltrúm annarra ráðuneyta.

Í október 2022 voru haldnir opnir fundir fyrir alla landshluti í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga undir yfirskriftinni [Vörðum leiðina saman](#). Á fundunum var kastljósinu beint að framtíðaráskorunum landshluta m.t.t. allra málaflokka ráðuneytisins í samgöngu-, sveitarstjórnar-, byggða-, húsnæðis- og skipulagsmálum. Fundirnir voru allir rafrænir og voru skráðir þátttakendur alls 361. Megnihluta fundartíma var varið í hópavinnu þar sem unnið var út frá hugtakinu búsetufrelsi, sem samnefna allra stefna og áætlana ráðuneytisins.

Var reynt að svara því hverjar væru helstu áherslur til að ná markmiðum um búsetufrelsi og hvaða leiðir væru að því markmiði.

Sérstök áhersla var lögð á það í vinnunni að greina með betri hætti áherslur yngra fólks en áður hefur verið gert og var m.a. gerð skoðanakönnun á meðal ungs fólks á aldursbilinu 16-20 ára.

Samhliða vinnu við gerð hvítbókarinnar hafa starfshópar unnið að greiningum og tillögum:

- Starfshópur um öryggi lendingarstaða vann heildstætt mat á mikilvægi lendingarstaða á Íslandi út frá öryggishlutverki þeirra. Hópurinn skilaði af sér [skýrslu](#) í desember 2021.
- Starfshópur um smáfarartæki vann tillögur að aðgerðum sem eru til þess ætlaðar að styðja við innleiðingu fjölbreyttra og umhverfisvænna ferðamáta auk þess að auka öryggi við notkun smáfarartækja. Hópurinn skilaði af sér [skýrslu](#) í júní 2022.
- Starfshópur um stöðu fatlaðs fólks í samgöngum vann greiningu á stöðu fatlaðs fólks í samgöngum á Íslandi og mótaði aðgerðaáætlun byggða á þeim niðurstöðum. Hópurinn skilaði af sér [skýrslu](#) í byrjun árs 2023.
- Starfshópur um lokun Reykjanesbrautar vann viðbragðsáætlun svo hægt verði að bregðast hratt við ef erfiðar vetraraðstæður skapast á Reykjanesbraut. Hópurinn skilaði af sér [skýrslu](#) í janúar 2023.
- Starfshópur um stöðu reiðvegamála á Íslandi vann mat á stöðu reiðvegamála og tillögu að aðferðafræði í forgangsröðun reiðvega á samgönguáætlun. Hópurinn skilaði af sér minnisblaði til samgönguráðs
- [Umferðaröryggisáætlun](#) var sett í samráðsgátt í september 2022. Að áætluninni unnu fulltrúar frá Vegagerðinni, Samgöngustofu, ríkislögreglustjóra auk ráðuneytisins.

Þá hefur verið unnið að mati á umhverfisáhrifum áætlunarinnar samhliða vinnslu hvítbókarinnar. Umhverfismatsskýrslan verður í opnu samráði í samráðsgátt stjórnvalda samhliða hvítbókinni.

2.2 Lykilviðfangsefni

Í grænbók um samgöngur voru skilgreind 20 lykilviðfangsefni næstu ára í samgöngumálum, sem liggja til grundvallar stefnumótunarvinnu hvítbókarinnar. Þau taka mið meðal annars af þeim upplýsingum sem fengust af opnum samráðsfundum um land allt ásamt niðurstöðum þeirra greininga sem unnar voru í tengslum við gerð grænbókarinnar.

Í samráðsferli vegna hvítbókar voru lykilviðfangsefni grænbókarinnar lögð til grundvallar. Á grunni þeirra niðurstaðna og upplýsinga um frekari þróun í samgöngumálum voru lykilviðfangsefnin endurskoðuð af samgönguráði.

Lykilviðfangsefni stefnumótunar í samgöngumálum á Íslandi næstu ár eru þrettán talsins:

- 1. Fækkun slysa í samgöngum.** Hvort sem litið er til samgangna á landi, sjó eða í lofti. Mörg tækifæri eru til að gera enn betur og mikilvægt að þeim sé forgangsraðað svo ábati samfélagsins verði sem mestur.
- 2. Uppsöfnuð viðhaldspörf** er í samgönguinnviðum allra samgöngumáta hér á landi, ekki síst vegna aukins álags og þróun samfélags og atvinnuhátta. Miklir þjóðhagslegir hagsmunir eru fólgnir í því að innviðir séu í góðu ástandi, ekki síst út frá öryggissjónarmiðum.
- 3. Fjármögnun samgönguinnviða.** Stórtæk áform um uppbyggingu samgönguinnviða á næstu árum og áratugum þýða að leita verður nýrra fjármögnunarleiða. Dæmi um slíkt eru jarðgangaáætlun, samgöngusáttmáli, samvinnuverkefni og varaflugvellir milllandsflugs.
- 4. Fækkun malarvega til að auka öryggi og stuðla að framþróun,** þ.m.t. á leiðum skólaaksturs. Undanfarin ár hefur árangur náðst en ljóst er að umfang verkefnisins mikið.
- 5. Vetrarfærð og tímabundnar lokanir vega.** Ákveðnir vegkaflar eru hættulegir í vetrarfærð og við lokun þeirra einangrast samfélög og atvinnulíf skaðast. Skoða þarf hvernig tryggja megi betur greiðar, áreiðanlegar og öruggar samgöngur allt árið og greina fjármögnunarpörf.
- 6. Þungaflutningar innanlands og áætlanir um vöxt útflutningsgreina.** Áætlanir gera ráð fyrir miklum vexti útflutningsgreina auk ferðapjónustu. Greina þarf þarf þeirra og hvernig samhliða aukning þungaflutninga fari fram með sem hagkvæmustum hætti.
- 7. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.** Áfram þarf að leita leiða til þess að draga úr losun hér á landi frá samgöngum og samgöngumannvirkjum, en um leið að tryggja að samgöngubörfum sé mætt.
- 8. Aðlögun samgöngumannvirkja að loftslagsbreytingum.** Tryggja þarf aðlögun samgöngumannvirkja og þjónustu að náttúrufarsbreytingum vegna loftslagsáhrifa svo ekki verði samgöngurof.
- 9. Draga þarf úr staðbundnum umhverfis- og lýðheilsuáhrifum samgangna, ekki síst í þéttbýli.** Vinna þarf að því að draga úr staðbundnum áhrifum samgangna á umhverfið og á heilsu íbúa, svo sem vegna svifryks, hávaða og vatnsmengunar.
- 10. Efling almenningsamgangna um land allt.** Almenningsamgöngur leika lykilhlutverk í markmiðum landsins í umhverfismálum, breyttum ferðavenjum og auknum greiðleika í samgöngum bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- 11. Breyttar ferðavenjur.** Styrkja þarf valkosti í ferðamátavali, þannig að fólk geti valið sér ferðamáta við hæfi. Ábati af auknu vægi almenningsamgangna, göngu og hjólríða er umtalsverður fyrir alla vegfarendur. Mikilvægt er að nýir ferðamátar séu innleiddir með öruggum hætti.
- 12. Þarfir barna og ungmenna í samgöngum.** Tryggja þarf aukna þátttöku barna og ungmenna í stefnumótun í samgöngum. Þá þarf að líta til fræðslu og forvarna og tryggja að þær endurspegli ferðavenjur og nái athygli. Þá þarf að vinna að uppbyggingu innviða sem helst nýttast börnum og ungmennum.
- 13. Ólíkar áskoranir kynja í samgöngum.** Jafnréttisgreining verði nýtt í meiri mæli til að bæta árangur af aðgerðum.

3. Samgönguáætlun

3.1 Framtíðarsýn og meginmarkmið

Innviðaráðuneytið hefur sett sér eftirfarandi **framtíðarsýn** og **meginmarkmið** fyrir alla málaflokka ráðuneytisins. Sameiginleg markmiðssetning allra stefna og áætlana ráðuneytisins rennir stoðum undir samhæfingu allrar stefnumótunar ráðuneytisins í þágu búsetufrelsis.

Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn er í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið

1. Innviðir mæti þörfum samfélagsins

- Fjölbreytt framboð húsnæðis
- Efling atvinnulífs innan og milli landshluta með uppbyggingu og rekstri öruggra samgangna
- Gott aðgengi að þjónustu
- Sem flest störf verði óstaðbundin

2. Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt

- Öflug sveitarfélög
- Efling vinnu- og þjónustusóknarsvæða
- Hagkvæmar, öruggar og umhverfisvænar samgöngum í þágu íbúa og atvinnulífs.
- Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða þar sem hugað er að góðu aðgengi að þjónustu og gæðum í hinu byggða umhverfi og lifandi bæjarrýmum.

3.2 Markmið og mælikvarðar samgöngumála

Samkvæmt lögum um samgönguáætlun skal byggt á eftirfarandi meginmarkmiðum við gerð samgönguáætlunar:

- Greiðar samgöngur
- Öruggar samgöngur
- Hagkvæmar samgöngur
- Umhverfislega sjálfbærar samgöngur
- Samgöngur stuðli að jákvæðri byggðapróun

3.2.1 Markmið um greiðar samgöngur

Markmið um greiðar samgöngur snýr að aðgengi og hreyfanleika fólks og vöru. Aðgengi lýsir áreiðanleika samgangna, t.d. því hvort samgönguleiðir séu færar og hvort ferðatími sé jafn og fyrirsjáanlegur. Hreyfanleiki lýsir því hve auðvelt og

greitt flæði fólks og vöru er milli staða. Auka má hreyfanleika með t.d. styttingu ferðatíma og fjölgun ákjósanlegra ferðamáta.

Mælikvarðar

Tafla 1: Mælikvarðar greiðra samgangna.

	Ábyrgð á tölfræði
A Umferðatafir á höfuðborgarsvæðinu (klst. í töfum að meðaltali á ári)	IRN
B Hlutfall almenningssamgangna, hjólréiða og gangandi á höfuðborgarsvæðinu	IRN
C Hlutfall almenningssamgangna, hjólréiða og gangandi utan höfuðborgarsvæðisins	IRN

Helstu áherslur til að markmiðum um greiðar samgöngur verði náð eru í töflunni hér að neðan. Einnig koma fram upplýsingar um að hvaða lykilviðfangsefni eða -efnum áherslurnar stuðla. Sjá nánar í grein 2.2.

Áherslur	Lykilviðfangsefni
a. Unnið verður að áframhaldandi uppbyggingu hágæða almenningssamgangna, Borgarlínu, og annarra samgöngumannvirkja á grundvelli Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.	1 3 7 10 11
b. Leitast verði við að jafna vægi ferðamáta í þéttbýli með það að markmiði að stuðla að breyttum ferðavenjum.	11
c. Þjónustu á vegum verði forgangsraðað með hliðsjón af umferð.	5
d. Stuðlað verði að samþættingu leiðakerfa og þjónustu almenningssamgangna í flugi, á sjó og landi. Unnið verði að því að aðgengi fyrir almenningsvagna verði sem best við flugstöðvar, sérstaklega við Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll.	10 11
e. Leitast verði við að aðgengi allra að samgöngukerfinu verði eins og best verður á kosið.	10
f. Gáttir inn til landsins verði vel skilgreindar og styrktar.	6
g. Keflavíkurflugvöllur verði áfram öflugur alþjóða- og tengiflugvöllur sem stenst samanburð við bestu flugvelli erlendis og mætir þörfum millilanda- og tengiflugs. Unnið verði að því að tryggja að Ísland verði áfram samkeppnishæf miðstöð tengiflugs.	6

h. Flutningaleiðir á landi og sjó verði skilgreindar. Á vegum verði lögð áhersla á nægjanlegt burðarþol, breidd og bundið slitlag.

6

3.2.2 Markmið um öruggar samgöngur

Markmið um öruggar samgöngur snýr að því að draga úr slysum í samgöngum og leita leiða til að draga úr afleiðingum þeirra slysa sem verða. Lög og reglugerðir fylgi þróun samgangna og innviðir séu öruggir og í góðu ástandi.

Mælikvarðar

Tafla 2: Mælikvarðar öruggra samgangna

	Ábyrgð á tölfraði
A Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni ¹	SGS
B Fjöldi slasaðra sjómanna ¹	SGS
C Flugslys og alvarleg flugatvik í flutningaflugi loftfara skráðum á Íslandi, mælt á hverjar 10.000 flughreyfingar ¹	SGS
D Aðskilnaður akstursstefna	Vegagerðin
E Fjöldi einbreiðra brúa á Hringvegi	Vegagerðin

Helstu áherslur til að markmiðum um öruggar samgöngur verði náð eru í töflunni hér að neðan. Einnig koma fram upplýsingar um að hvaða lykilviðfangsefni eða -efnum áherslurnar stuðla. Sjá nánar í grein 2.2.

Áherslur	Lykilviðfangsefni
a. Unnið verði eftir samræmdum öryggisáætlunum allra samgöngugreina og gerðar aðgerðaáætlanir í öryggismálum til fimm ára með mælanlegum markmiðum og árangursmælikvörðum.	1
b. Ísland verði meðal fimm fremstu Evrópuþjóða hvað varðar fá dauðsföll og alvarlega slasaða í umferðinni á hverja 100 þúsund íbúa. Dauðsföllum af slysförum í umferðinni og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um a.m.k. 5% á ári.	1
c. Ísland verði í hópi fimm fremstu Evrópuþjóða hvað varðar fá flugslys miðað við flugtíma og fjölda hreyfinga.	1

¹ Markmið til framtíðar miðast við stöðuna eins og hún var 2019.

Flugslysum og alvarlegum flugatvikum í áætlunar- og leiguflugi fækki að jafnaði um a.m.k. 3% á ári.	
d. Unnið verði áfram að öryggi íslenskra skipa, áhafna og farþega þannig að enginn látist í sjóslysum. Slysum á sjómönnum fækki um a.m.k. 5% á ári.	1
e. Slys, óhöpp og öryggisatvik í flugi, siglingum og umferð verði skráð og greind og upplýsingar nýttar til ráðstafana sem auka öryggi. Kannaðar verði leiðir til að samræma skráningu samgönguslysa.	1
f. Akstursleiðir verði aðskildar á umferðarmestu vegum landsins.	1
g. Einbreiðum brúm á Hringvegi og umferðamiklum vegum verði fækkað.	1
h. Stefnt verði að því að fjárfesting í viðhald samgönguinnviða mæti þörf, svo gæði og öryggi innviða haldi sér.	1 2
i. Unnið verði að úrbótum á stöðum þar sem mörg slys hafa orðið og umhverfi vega bætt til að draga úr hættu á alvarlegum slysum.	1 2
j. Mætt verði þörfum flugrekenda fyrir varaflugvelli hér á landi í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum.	1 3
k. Reglulegar mælingar fari fram á þáttum tengdum umferðaröryggi, m.a. hraðakstri, akstri undir áhrifum áfengis eða vímuefna, bílbeltanotkun, snjalltækjanotkun og ástandi hemla í þungum bifreiðum.	1
l. Haldið verði áfram umferðarfræðslu og forvarnastarfi með áherslu á þá þætti sem slysatölfræði sýnir að huga þurfi að. Umferðarfræðsla og forvarnir endurspegli ferðavenjur og nái athygli barna og ungmenna.	1
m. Leitast verði við að auka öryggi í umferð smáfarartækja, hjólreiða og gangandi, svo sem með áframhaldandi gerð stofnstíga.	1 11
n. Tryggt sé að farnetssamband sé áreiðanlegt á þjóðvegum og að uppbygging háhraðafarnets styðji við tækniþróun í samgöngum.	1
o. Unnið verði að því að Ísland standist allar úttekjur alþjóðlegra stofnana á öryggi í samgöngum.	1
p. Brugðist verði við nýjum öryggisáskorunum sem fylgja nýrri tækni.	1

3.2.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur

Markmið um hagkvæmar samgöngur snýr að því að samgöngur séu sem hagkvæmastar fyrir notendur, fjárfesting í samgönguinnviðum stuðli að þjóðhagslegri arðsemi og að samgöngur styðji við efnahagslega þróun og velsæld þjóðarinnar.

Mælikvarðar


Tafla 3: Mælikvarðar hagkvæmra samgangna

		Ábyrgð á tölfræði
A	Slysakostnaður á þjóðvegum (kr./km ekinn)	IRN
B	Fjárfesting í samgönguinnviðum, hlutfall af VLF.	IRN
C	Samgöngukostnaður heimila.	IRN

Helstu áherslur til að markmiðum um hagkvæmar samgöngur verði náð eru í töflunni hér að neðan. Einnig koma fram upplýsingar um að hvaða lykilviðfangsefni eða -efnum áherslurnar stuðla. Sjá nánar í grein 2.2.

Áherslur	Lykilviðfangsefni
a. Litið verði á samgöngukerfið sem eina heild. Nýir innviðir verði skipulagðir og þeim forgangsraðað með hliðsjón af niðurstöðum faglegra greininga. Leitað verði arðsömustu lausna í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins.	1 2 4
b. Tekjuöflun ríkisins af umferð taki mið af sjónarmiðum um sanngjarna byrði og skiptingu kostnaðar ásamt því að tryggja fjármögnun samgöngukerfisins.	2 3 4
c. Ráðist verði í skilgreindar þjóðhagslega arðsamar flýtiframkvæmdir í samgöngum á grundvelli fjölbreyttrar fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila.	3
d. Undirbúningi Sundabrautar verður framhaldið með það að markmiði að hægt sé að hefja framkvæmdir eigi síðar en 2026 og að hún opni fyrir umferð eigi síðar en 2031.	1 3 6
e. Mótuð verði áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga og horft til reynslu nágrannaþjóða. Stofnað verði opinbert félag um uppbyggingu innviða.	2 3
f. Stuðlað verði að öflugum rannsóknarstarfi í samgöngum. Sérstök áhersla verði á rannsóknir sem beinast að lykilviðfangsefnum í samgöngum eins og þau eru skilgreind í hvítbók stjórnvalda um samgöngur.	Öll lykilviðfangsefni
g. Ferðvenjukönnun fyrir landið allt verði unnin á minnst þriggja ára fresti.	11

h. Aðgengi verði aukið að gögnum og upplýsingum opinberra aðila og einkaaðila sem stuðlað geta að bættum samgöngum.



3.2.4 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur snýr að því að dregið sé úr óæskilegum umhverfisáhrifum samgangna. Þá verði samgöngukerfið undirbúið fyrir náttúrufarsbreytingar af völdum loftslagsáhrifa.

Mælikvarðar

Tafla 4: Mælikvarðar umhverfislega sjálfbærra samgangna.

	Ábyrgð á tölfræði
A Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum [ktCO ₂ ígildi]	IRN
B Hlutfall hreinorkubifreiða í umferð	IRN

Helstu áherslur til að markmiðum um umhverfislega sjálfbærar samgöngur verði náð eru í töflunni hér að neðan. Einnig koma fram upplýsingar um að hvaða lykilviðfangsefni eða -efnum áherslurnar stuðla. Sjá nánar í grein 2.2.

Áherslur	Lykilviðfangsefni
a. Unnið verði samkvæmt markmiðum aðgerðaráætlunar Íslands í loftslagsmálum.	7
b. Áfram verður stutt við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í þungaflutningum, ferjum, höfnum og í flugi, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu.	7
c. Stuðlað verði að almenningssamgöngum með endurnýjanlegum orkugjöfum milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar í samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu.	7 10 11
d. Stefnt verði að því að hefja sjálfbæra lífolíuframleiðslu hér á landi til að flýta orkuskiptum í fiskiskipum og unnið að því að greiða götu verkefna á því sviði.	7
e. Unnið verði að því að lágmarka kolefnisfótspor í mannvirkjagerð í samgönguinnviðum.	7
f. Hönnun og uppbygging samgöngumannvirkja taki mið af spám um náttúrufarsbreytingar vegna loftslagsáhrifa.	8
g. Fram fari reglulegar mælingar og vöktun á stöðum í samgöngukerfinu sem eru viðkvæmir fyrir áhrifum loftslagsbreytinga.	8

h. Gætt verði að samráði og samhæfingu aðgerða milli stofnana og aðila sem sinna skipulagi, framkvæmdum eða þjónustu vegna samgöngumannvirkja m.t.t. áhrifa loftslagsbreytinga.	8
i. Áfram verði leitað leiða til að bæta staðbundin loftgæði og hljóðvist við þjóðveg í þéttbýli í samstarfi við sveitarfélög og fyrir tilstuðlan áætlunar um loftgæði.	9
j. Unnið verði að því að fækka mengunarslysum frá samgöngum og lágmarka afleiðingar þeirra.	9
k. Unnið verði að því að stofnvegir á hálendi Íslands geti áfram gegnt mikilvægu hlutverki sínu, svo sem í ferðaþjónustu. Uppbygging og rekstur taki tillit til nánasta umhverfis og sjónarmiða um náttúruvernd.	9

3.2.5 Markmið um jákvæð byggðapróun

Markmið um jákvæða byggðapróun snýr að því að samgöngur stuðli að góðum búsetugæðum um land allt og jafni aðstöðumun fólks eftir kyni, búsetu og félagslegum aðstæðum. Samgöngur efla vinnu-, þjónustu- og skólasóknarsvæði og stuðli að búsetufrelsi.

Mælikvarðar

Tafla 5: Mælikvarðar jákvæðrar byggðapróunar

	Ábyrgð á tölfraði
A Fjöldi farþega með almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu	IRN
B Fjöldi farþega með almenningsvögnum milli byggða	Vegagerðin
C Fjöldi farþega með innanlandsflugi	Vegagerðin
D Lengd tengivega með bundnu slitlagi	Vegagerðin
E Bundið slitlag á stofnvegum	Vegagerðin

Helstu áherslur til að markmiðum um jákvæða byggðapróun verði náð eru í töflunni hér að neðan. Einnig koma fram upplýsingar um að hvaða lykilvergisefni eða -efnum áherslurnar stuðla.

Áherslur

Lykilvergisefni

- a. Áfram verði unnið markvisst að lagningu bundins slitlags á tengivegi til að styðja við atvinnu- og byggðapróun og auðvelda skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi. Við forgangsroðun uppbyggingar tengivega verði litið til umferðarþunga, ástands vega, akstursleiða skólaaksturs, vinnusóknar, ferðaþjónustu og óska sveitarfélaga.

1 4 12
13

b. Uppbygging samgangna styðji við áætlanir sveitarfélaga um framboð lóða og uppbyggingu íbúða með það að markmiði að lækka samanlagðan húsnæðis- og samgöngukostnað íbúa.	1 3 10 11
c. Íbúar landsbyggðarinnar eigi kost á að komast til höfuðborgarsvæðisins á um 3,5 klst. samþættum ferðatíma akandi, með almenningsvagni, ferju og/eða flugi.	3 10
d. Unnið verði að því í samstarfi ríkis og sveitarfélaga að efla almenningssamgöngur á landsbyggðinni þar sem grundvöllur er til þess. Sérstaklega verði litið til þess að efla samgöngur innan vinnusóknarsvæða. Leitað verði leiða til þess að draga úr ferðatíma og tryggja öryggi. Virkt samráð verði viðhaft við skipulagningu þjónustunnar.	10 11
e. Aðgengi þeirra sem búa lengst frá miðlægri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu verði tryggt með því festa Loftbrúna í sessi.	10 12 13
f. Rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar verði tryggt á meðan annar jafn góður eða betri kostur er ekki fyrir hendi.	10
g. Tryggt verði að börn og ungmenni hafi aðkomu að stefnumótun í samgöngum með markvissum hætti.	12
h. Við forgangsröðun samgönguverkefna verði horft til jafnréttissjónarmiða.	13

3.3 Áhrif á íslenskt samfélag

3.3.1 Alþjóðleg

Áætlað er að umferðarslys kosti íslenskt samfélag á bilinu 40-60 milljarða króna á hverju ári. Aðgerðir og áherslur í samgöngumálum hafa því lengi miðað að því að fækka slysum og auka öryggi í öllum greinum samgangna. Í alþjóðlegu samhengi höfum við náð árangri og verið meðal þeirra Evrópuþjóða þar sem fæstir látast í umferðinni miðað við höfðatölu. Til framtíðar er stefnt að því að Ísland verði í hópi fimm bestu Evrópuþjóða í þessu efni.

Ísland á mikið undir greiðum samgöngum við önnur lönd. Áhersla á eflingu alþjóðlegra gátta miðar að því að styrkja stöðu landsins í alþjóðlegum samgöngum bæði mt.t. ferðamanna og vöruflutninga. Með tilkomu varaflugvallargjalds verður mögulegt að byggja upp Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll sem fullnægjandi varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll og gera nauðsynlegar úrbætur á Reykjavíkurflugvelli. Mun gjaldið tryggja fjármögnun nauðsynlegrar uppbyggingar. Sú uppbygging mun jafnframt styðja við hlutverk þeirra sem alþjóðaflugvellir til framtíðar. Öflugt varaflugvallakerfi mun um leið efla samkeppnishæfni Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Keflavíkurflugvöllur hefur vaxið hratt á undanförunum árum, samhliða hröðum vexti ferðapjónustu hér á landi. Stefnt er að því að völlurinn þróist áfram með það að markmiði að hann standist samanburð við bestu flugvelli í heimi. Þá er stöðugt unnið að því að fjölga áfangastöðum áætlunarflugs frá Keflavík. Tengiflug íslenskra flugfélaga yfir Atlantshaf með Keflavíkurflugvöll sem miðpunkt er lykilþáttur í árangri á því sviði. Unnið verður að því að tryggja þá stöðu til framtíðar, t.d. í ljósi fyrirhugaðra kolefnisgjalda á flug innan EES svæðisins.

Náttúrufarsbreytingar vegna aukins magns gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu eru eitt stærsta mál samtímans. Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og unnið hefur verið eftir aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum til 2030. Stór hluti losunar á beinni ábyrgð Íslands kemur frá samgöngum, og þá sérstaklega frá vegasamgöngum. Áherslur, aðgerðir og forgangsröðun framkvæmda miðast í æ ríkari mæli að því að draga úr losun. Lykilaðgerðir í þessa átt eru orkuskipti í samgöngum og breyttar ferðavenjur. Árangur á þessu sviði mun draga úr notkun innflutts jarðefnaeldsneytis á komandi árum auk þess að styrkja umhverfisvæna valkosti í ferðum, svo sem almenningssamgöngur, hjólréiðar og göngu.

Þrátt fyrir samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda er ljóst að breytingar hafa þegar orðið á náttúrufari og spár gera ráð fyrir að þær muni aukast til framtíðar. Hækkun sjávarmáls, hopun jökla og breytingar í veðurfari eru dæmi um breytingar sem geta haft áhrif á innviði og virkni samgangna. Áherslur og aðgerðir hafa þegar verið mótaðar í þá átt að tryggja aðlögun innviða að þessum breytingum. Vöktun á breytingum verði eflað og viðbrögð aðila samhæfð svo ekki komi til samgöngurofs.

Það að Ísland standist alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum skiptir miklu máli fyrir orðspor landsins. Þá munu áherslur og aðgerðir sem stuðla að því að samfélagið þróist í átt að sjálfbærni og að innviðir hafi viðnámsþrótt gagnvart náttúrufarsbreytingum.

3.3.2 Landshlutar

Lífsgæði og velmegun í öllum landshlutum er mjög háð góðum samgöngum. Viðfangsefni og áherslur í samgöngum eru þó mismunandi milli landshluta.

Lykilþáttur í því að tryggja öryggi er að innviðir séu í góðu ástandi og að þeim sé vel viðhaldið. Í mati World Economic Forum á samkeppnishæfni þjóða árið 2019 voru íslenskir samgönguinnviðir metnir með tilliti til gæða. Íslenskir innviðir komu þar ekki vel út miðað við hefðbundin samanburðarlönd á Norðurlöndum eða Vestur Evrópu. Vegagerðin hefur áætlað að uppsöfnuð viðhaldspörf á þjóðvegakerfinu séu á bilinu 70-80 milljarðar króna. Ísavia hefur áætlað að uppsöfnuð þörf í flugvallakerfinu séu um 20 milljarðar króna. Til framtíðar er því nauðsynlegt að fjárfesting í samgönguinnviðum verði nægjanleg til þess að tryggja öryggi og að samgöngukerfið geti komið til móts við þarfir þjóðarinnar og þróun atvinnuvega, hvort sem er í ferðapjónustu eða útflutningsiðnaði.

Þjóðvegakerfið er megin tenging samfélaga innan og milli landshluta. Um vegina fer meginstraumur fólks- og vöruflutninga ásamt sífellt stækkandi hópi ferðamanna. Þróun, viðhald og rekstur þjóðvegakerfisins er því lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni svæða og stuðla að búsetufrelsi. Öflug fjárfesting í nýframkvæmdum og viðhaldi mun stuðla að þessum markmiðum. Meðal helstu verkefna sem áformuð eru er stórfelld uppbygging á Vestfjarðavegi, Norðausturvegi um Brekknaheiði, Skógarstrandavegi, Norðausturvegi, Bárðardalsvegi, á Hringvegi um Suðurfirði og Lagarfljót, um Lón og við Skaftafell. Aðskilnaður akstursstefna á stofnleiðum frá höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbraut, Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi mun stuðla að auknum greiðleika umferðar og fækkun slysa.

Samvinnuverkefni, Hornafjarðarfljót, Ölfusá, Öxi, Reynisfjall, Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga eiga það sameiginlegt að skapa mikinn samfélagslegan ábata með styttri ferðatíma. Félagshagfræðilegt mat á Sundabraut hefur þannig sýnt fram á gríðarlegan samfélagslegan ábata. Í heild nemur þjóðhagslegur ábati 186-236 ma. kr, eftir útfærslu. Heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu gæti minnkað um 150 þús. km á hverjum sólarhring við opnun Sundabrautar. Framkvæmdin eflir höfuðborgarsvæðið og styrki tengsl þess við vestur- og norðvesturhluta landsins. Áformuð gjaldtaka mun taka mið af ábata verkefnanna og þeim greiðsluvilja sem hann skapar. Vegfarendur hafi þannig meiri ávinning af því að aka nýjar leiðir en þeir greiði í veggjöld fyrir afnot af þeim. Reynslan af sambærilegum verkefnum sýnir að stytting leiða og ferðatíma getur haft margvísleg óbein jákvæð áhrif á landshluta og styrkt þannig samkeppnishæfni þeirra.

Jarðgöng eru víða eina leiðin til að tryggja góðar heilsárs vegasamgöngur milli byggða. Jarðgöng hafa stórfelld áhrif á tengingu atvinnusvæða, styrkja byggðapróun og bæta umferðaröryggi. Mikilvægir jarðgangakostir eru um land allt þó óhætt sé að fullyrða að þörfin sé brýnust á Vestfjörðum, Tröllaskaga og á Austfjörðum. Fjármögnuð langtíma jarðgangaáætlun, þar sem 14 mikilvægustu jarðgangakostir landsins koma til framkvæmda á næstu 30 árum í stað 80 til 100 ára mun gjörbylta lífskjörum og styrkja til muna samkeppnishæfni landshluta með betri aðgengi að þjónustu. Komist verður hjá hvímléiðum og hættulegum flöskuhálsum um fjallvegi og íbúum og atvinnuvegum tryggðar öruggar samgöngur allt árið um kring.

Í mörgum landshlutum er stór hluti þjóðvegakerfisins enn á malarvegum. Áframhaldandi átak í lagningu bundins slitlags á tengivegi ásamt virkri forgangsröðun mun tryggja að sífellt minna hlutfall heildarumferðar um íslenska vegi fari um malarvegi. Þannig eykst öryggi og umferð verður greiðari, ekki síst á leiðum skólaaksturs, auk þess sem möguleikar til atvinnuþróunar í dreifbýli aukast.

Almenningssamgöngur hafa verið og verða áfram mikilvægur þáttur í að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum, jafna stöðu fólks, styrkja og stækka atvinnu-, þjónustu- og skólasóknasvæði og auka aðgengi og jafnræði íbúa um land allt. Í samræmi við stefnumótun í málaflokknum mun þjónusta

almenningsgangna eflast, svo sem með aukinni sambættingu leiðakerfa á landi, lofti og sjó og innleiðingu sameiginlegrar upplýsingagáttar.

Á höfuðborgarsvæðinu er unnið að stórfelldri uppbyggingu innviða fyrir alla ferðamáta í samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu. Tímabærar framkvæmdir á stofnvegum þar sem umsvifamest er lagning stórra umferðaræða í stokka mun greiða fyrir umferð, draga úr umhverfisáhrifum og skapa mannvænni byggð í grennd við umferðaræðar. Þróun hágæða almenningsgangna, Borgarlínu, ásamt nýju stofnleiðakerfi hjólræða er svo lykilþáttur í þróun svæðisins í átt að sjálfbærara borgarsamfélagi. Aukin hlutdeild almenningsgangna í ferðamatavali á svæðinu mun greiða fyrir umferð og halda aftur af vexti umferðartafa á svæðinu. Sjálfbærara samfélag er mikilvægur þáttur í að auka lífsgæði og efla samkeppnishæfni svæðisins, en höfuðborgarsvæðið er í samkeppni um mannauð við stórborgir í nágrannalöndum. Lykilþáttur í fjármögnun sáttmálans er innheimta flýti- og umferðargjalda. Gjaldtakan er frábrugðin öðrum veggjöldum að því leyti að hún er breytileg innan sólarhrings. Upphæðin er hærrí á annatímum en utan þeirra og stuðlar með þeim hætti að hagfelldari dreifingu umferðarálags, betri nýtingu innviða og um leið minni umferðatafa.

Flýtiframkvæmdir um land allt, samkvæmt Samgöngusáttmálanum, jarðgangaaætlun eða samvinnuverkefnunum, gera ráð fyrir að fjármögnun verði í heild eða að hluta með innheimtu veggjalda. Nánari útfærsla þeirrar innheimtu mun fara fram á vettvangi sameiginlegrar verkefnastofu innviðaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Mikilvægt er að til framtíðar geti tekjuöflun ríkisins af umferð staðið undir nauðsynlegri fjárfestingu, skapað sveigjanleika til þess að flýta þjóðhagslega arðbærum framkvæmdum og viðhaldið áframhaldandi hvata til orkuskipta. Þá verður í vinnunni lögð áhersla á að tekjuöflun leggist með sanngjörnum hætti á alla landsmenn. Þar verði horft til áhrifa á samgöngukostnað innan landshluta sem og á samfélagshópa.

3.3.3 Atvinnulíf

Fjárfesting í höfnum mun efla grundvöll atvinnulífs um land allt og skapa ný tækifæri til atvinnuþróunar. Meðal stærstu framkvæmda í höfnum á næstu árum má telja til Þorlákshöfn, Njarðvíkurhöfn og höfnin á Sauðárkróki. Öll verkefni eru líkleg til þess að stuðla að atvinnuþróun í höfnunum sjálfum og þeim samfélögum sem að þeim liggja og stuðla þannig að bættum lífsgæðum og velmegun.

Hagvöxtur og atvinnuþróun víða um land byggist að stórum hluta á því að flutningar milli landshluta, frá framleiðslustað og að útflutningsstað, gangi snurðulaust fyrir sig allt árið. Flutningarnir skapa álag á innviði auk þess sem krafa um áreiðanleika krefst góðrar þjónustu, ekki síst á veturna. Áhersla þess efnis að flutningaleiðir á landi og sjó verði skilgreindar tryggir að uppbygging og viðhald taki mið af álagi. Efling vetrarþjónustu mun enn auka á bæði

áreiðanleika og öryggi vetrarsamgangna og stuðla að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs um land allt.

Vetrarþjónusta er ekki bara mikilvæg fyrir vöruflutninga. Áreiðanlegar samgöngur árið um kring skipta alla vegfarendur máli og eru lykilþáttur í eflingu vinnusóknarsvæða. Sterk vinnusóknarsvæði efla atvinnuþróun að því leiti að fyrirtæki geta leitað mannauðs af stærra svæði en bara því byggðarlagi sem þau eru í. Um leið eflir það stöðu starfsmanna að fólk geti sótt vinnu til fleiri staða en það býr í. Þannig er stuðlað að auknu hagræði og tækifærum fyrir bæði starfsfólk og fyrirtæki.

Orkuskipti í samgöngum skapa mikil tækifæri í atvinnuþróun. Aukið vægi innlendra og vistvænna orkugjafa í flutningum munu draga úr kostnaði, áhættu í rekstri og umhverfisáhrifum. Til framtíðar eru mörg tækifæri til árangurs, hvort sem litið er til almennrar umferðar á vegum, þungaflutninga, siglinga eða flugs.

3.3.4 Almennigur

Samgöngur hafa mjög mikil áhrif á daglegt líf landsmanna og er lykilþáttur í allri þjóðfélagsþróun til framtíðar. Þær áherslur sem samgönguáætlun boðar hafa margháttuð áhrif þróun samgangna og samfélagsins í heild.

Raunhæfum valkostum til daglegra ferða ætti að fjölga með eflingu almenningsamgangna og styrkingu á innviðum fyrir gangandi, hjólréiðar og smáfarartæki. Grænar og öflugar almenningsamgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar munu efla bæði ferðaþjónustu og bæta þjónustu við almenning. Loftbrú mun áfram tryggja aðgengi íbúa á ytri svæðum og eyjum að höfuðborgarsvæðinu. Með því móti stuðlum við að því að fólk fái tækifæri til þess að draga úr bæði samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum sínum. Það mun einnig halda aftur af tafakostnaði þeirra sem velja sér það að aka um á fólksbíl. Greiningar sýna ennfremur að árangur í þessum efnun mun sérstaklega koma til móts við þarfir fólks í tekjulægri hópum, yngra fólk, námsmenn og eldri borgara.

Ferðalög fatlaðs fólks milli landshluta munu verða auðveldari með bættu aðgengi bæði í leiðarkerfi almenningsamgangna sem og með endurbótum á biðstöðvum almenningsvagna og flugstöðvum.

Margháttaðar aðgerðir munu áfram stuðla að því að slysum í öllum samgöngugreinum mun halda áfram að fækka. Aðgerðir byggja á rannsóknum og greiningum og þannig unnið að því að hámarka árangur þeirra. Greiningar liggja þegar fyrir sem hjálpa að móta aðgerðir með tilliti til kynja og mismunandi aldurshópa. Hættulegum vegköflum fækki stöðugt m.a. með innleiðingu á heildstæðu umferðaröryggismati á þjóðvegakerfinu. Þá mun öruggt farnetsamband á öllum þjóðvegum stuðla að auknu öryggi vegfarenda auk þess að styðja við mögulega tækniþróun í aukinni sjálfvirknivæðingu farartækja. Áherslur á að draga úr staðbundnum umhverfisáhrifum frá samgöngum miðast við að færri upplifi óþægindi svo sem vegna hávaða eða loftmengunar frá umferð. Þá munu aðgerðir sem stuðla að orkuskiptum á við þéttingu nets

hleðsluinnviða veita almenningi tækifæri til að draga bæði úr samgöngukostnaði sínum og umhverfisáhrifum.

4. Aðgerðaáætlun

Fjármögnun aðgerða innviðaráðuneytis í aðgerðaáætluninni sem áhersla er lögð á að komist til framkvæmda á áætlunartímabilinu tekur mið af ramma fjármálaáætlunar 2024-28 fyrir málefnasvið 11, Samgöngur og fjarskipti.

4.1 Markmið um greiðar samgöngur

4.1.1 Stefna í hafnamálum

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Á ekki við er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Staða og þróun í hafnamálum greind. Stefna í hafnamálum mótuð þar sem m.a. er horft til samspils hafna við aðrar samgöngur. Stefnan taki til allra hafna landsins, bæði þeirra sem eru sjálfbærar og þeirra sem njóta ríkisstyrkja.

Ábyrgðaraðili IRN / Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Landskipulagsstefna, strandsvæðaskipulag

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Skýr stefnumörkun í hafnamálum.

4.1.2 Bætt aðgengi fatlaðs fólks að almenningssamgöngum milli byggða.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Notkun almenningssamgangna er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Mótuð verði uppbyggingaráætlun um bætt aðgengi fatlaðs fólks að kerfi almenningssamgangna á landi og í lofti á milli byggða. Horft verði til niðurstöðu skýrslu ÖBÍ um ástand á biðstöðvum sem og á niðurstöðu skýrslu starfshóps um stöðu fatlaðs fólks í samgöngum.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin / Isavia

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Stefna í almenningssamgöngum milli byggða, Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks.

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Bætt aðgengi og jafnræði

4.1.3 Aðgengismál í orkuskiptum

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Orkuskipti er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Mótaðar verði hönnunarleiðbeiningar vegna hleðslustöðva fyrir bifreiðar með hliðsjón af fullu aðgengi í samræmi við ábendingar í skýrslu starfshóps um stöðu fatlaðs fólks í samgöngum.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Aukið aðgengi að orkuskiptum.

4.1.4 Tekið verði upp varaflugvallagjald

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Fjárfesting í samgönguinnviðum sem hlutfall af VLF. er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Tekið verður upp hóflegt varaflugvallargjald sem styrkja mun fjárhagslegan grundvöll flugvallakerfisins m.a. út frá hlutverki alþjóðaflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum sem millilandaflugvellir og varaflugvellir fyrir millilandaflug til og frá Keflavíkurlflugvelli.

Ábyrgðaraðili IRN

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Flugstefna

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Aukið rekstraröryggi á alþjóðaflugvöllum.

4.1.5 Áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Slysakostnaður, fjárfesting í samgönguinnviðum sem hlutfall af VLF. er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Mótuð verður áætlun um uppbyggingu og fjármögnun jarðganga og horft til reynslu nágrannaþjóða. Vinna fari

	fram samhliða vinnu verkefnisstofu um tekjuöflun af samgöngum.
Ábyrgðaraðili	IRN / Vegagerðin
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Byggðaáætlun
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Bættar samgöngur, stytting vegalengda, fækkun slysa og efling byggða og vinnusóknarsvæða.

4.2 Markmið um öruggar samgöngur

4.2.1 Notkun skjólbelta við þjóðvegi til þess að draga úr vindi.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Fækkun umferðarslysa

Stutt lýsing á aðgerðinni	Greindir verði möguleikar á notkun skjólbelta við þjóðvegi til þess að draga úr vindi. Teknar verði saman þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og tillögur að aðgerðum mótaðar.
Ábyrgðaraðili	Vegagerðin
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031.
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Minni vindhraði við vegi og aukið umferðaröryggi.

4.2.2 Fylgdarakstur með snjóruðningstækjum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni	Fylgdarakstur er ein aðferð við að auka öryggi vegfarenda á veturna. Þá er ökutækjum safnað í lest sem fylgir snjóruðningstæki á stofnleiðum eða öðrum vegum. Mótaðar verða verklagsreglur um fylgdarakstur með snjóruðningstækjum.
Ábyrgðaraðili	Vegagerðin
Tímarammi	2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir -

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Aukið rekstrar- og umferðaröryggi í vetrarfærð.

4.2.3 Áningar- og hvíldarstaðir við þjóðvegi.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Fækkun umferðarslysa

Stutt lýsing á aðgerðinni Gerð verði úttekt á áningarstöðum við þjóðvegi. Horft verði þar sérstaklega til rekstar- og viðhaldsþarfar þeirra og ábyrgðarskiptingar.

Greind verði þörf fyrir hvíldarstaði m.t.t. reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Á ekki við

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Skýr sýn á uppbyggingarþörf vegna áningar- og hvíldarstaða við þjóðvegi. Aukið öryggi á vegum.

4.2.4 Meðalhraðaeftirlit á þjóðvegum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Fækkun umferðarslysa

Stutt lýsing á aðgerðinni Meðalhraðaeftirlitsbúnaður verður gangsettur á þremur köflum. Kaflarnir eru Hringvegur um Hvalfjarðargöng, Vestfjarðavegur um Dýrafjarðargöng og Hringvegur í grennd við Kúðafliót.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Umferðaröryggisáætlun

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Fækkun slysa og lækkun slysakostnaðar

4.2.5 Heildstætt mat á öryggi stofnvegakerfisins.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Fækkun umferðarslysa er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Unnið verði að heildstæðu mati á öryggi stofnvegakerfisins í samræmi við tilskipun 2019/1936/EB sem innleidd hefur verið hér á landi með reglugerð 624/2022. Kaflar stofnvega verða metnir og flokkaðir á samræmdan hátt og byggist matið bæði á slysasögu, þ.e. fjölda alvarlegra slysa miðað við umferð, og því innbyggða öryggi sem hönnun veganna felur í sér.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Umferðaröryggisáætlun

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Niðurstaða matsins hjálpar til við forgangsröðun aðgerða sem ganga út á að bæta ástand vegakerfisins og leiðir í framhaldinu til fækkunar alvarlegra slysa og þar með til lækkunar slysakostnaðar.

4.3 Markmið um hagkvæmar samgöngur

4.3.1 Menntun í flugi og flugtengdum greinum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar Á ekki við er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?

Stutt lýsing á aðgerðinni Skoðaðir verði kostir þess að menntun í flugi og flugtengdum greinum verði hluti af opinberu menntakerfi og stuðlað að rannsóknum og kennslu háskólasamfélagsins.

Ábyrgðaraðili IRN

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Flugstefna

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Aðgerðin stuðlar að því að bæta umhverfi menntunar í flugi og flugtengdum greinum.

4.3.2 Aðstaða fyrir einka- og kennsluflug í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni Unnið verði að undirbúningi og uppbyggingu aðstöðu fyrir einka- og kennsluflug í nágrenni höfuðborgarsvæðisins

Ábyrgðaraðili IRN

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Flugstefna

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Minnkuð ytri áhrif á íbúabyggð í nágrenni Reykjavíkurlflugvallar af völdum flugumferðar.

4.3.3 Hagkvæmar leiðir til að leggja bundið slitlag á flugvelli.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni Möguleikar greindir á hagkvæmum leiðum til að leggja bundið slitlag á flugvelli. Isavia Innanlandsflugvellir fari í samstarfsverkefni með Vegagerðinni um að skoða klæðingu og/eða tjörubundna grús sem notað er í yfirborð bæði á þjóðvegum og áætlunarflugvöllum.

Ábyrgðaraðili Isavia / Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Á ekki við.

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Aukið öryggi í flugi.

4.3.4 Umbætur í umferðarmælingum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni Kannaðir verði möguleikar til umbóta í umferðarmælingum, svo sem með tengingu myndgreiningar við ökutækjaskrá.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin / SGS

Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	-
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Bættar upplýsingar um samsetningu umferðar og ferðavenjur.

4.3.5 Umbætur í áætlanagerð

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni	Tillögur að umbótum í áætlanagerð samgönguáætlunar verði festar í sessi. Nýtt verklag í verkefnastjórnsýslu komist í gagnid og unnið verði eftir nýju verklagi við gerð kostnaðaráætlana.
Ábyrgðaraðili	IRN / Vegagerðin
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Á ekki við.
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Aukinn áreiðanleiki í áætlanagerð samgönguáætlunar.

4.4 Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur

4.4.1 Vegvísir að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

Stutt lýsing á aðgerðinni	Mótaður verði vegvísir að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 með skilgreindum og tímasettum aðgerðum sem miði að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda m.v. 2005 verði náð. Hafa skal víðtækt samráð við hagaðila og samþætta við málaflokka ráðuneytisins.
Ábyrgðaraðili	IRN
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, byggðaáætlun, landskipulagsstefna, stefna í húsnæðismálum, stefna í málefnum sveitarfélaga

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Aðgerðin stuðlar að því aðgerðir til vistvænna samgangna verði markvissari og árangursríkari. Þannig aukist líkur á góðum árangri í því að draga úr loftslagsáhrifum frá samgögnum.

4.4.2 Umhverfisvitund í samgöngum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda.

Stutt lýsing á aðgerðinni Greindar verði leiðir að því að auka umhverfisvitund í vali á ferðamáta. Kannað verði hvað stjórnir viðhorfi til samgangna og ferðamátavals m.t.t. aldurs, kyns, tekna, búsetu o.s.frv. Á grundvelli greiningar verði mótaðar tillögur sem stuðlað geti að aukinni umhverfisvitund.

Ábyrgðaraðili IRN

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, landskipulagsstefna

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Stuðla að upplýstu og umhverfisvænu ferðamátavali.

4.4.3 Stefna fyrir hjólreiðar og smáfarartæki.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Hlutfall ferða með almenningssamgöngnum, hjóli og gangandi.

Stutt lýsing á aðgerðinni Greind verði staða og þróun í hjólreiðum og umferð smáfarartækja. Mótun verði stefna og aðgerðaáætlun fyrir hjólreiðar og smáfarartæki sem stuðlað getur að bættu umhverfi fyrir ferðamátana hér á landi.

Ábyrgðaraðili IRN / Vegagerðin / SGS

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Landskipulagsstefna,

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Stuðla að bættu umhverfi hjólreiða hér á landi. Skýrari sýn á forgangsroðun framkvæmda, áskoranir og tækifæri í málaflokknum.

4.4.4 Samgöngukerfið kortlagt með tilliti til þess hvaða afleiðingar loftslagsbreytingar hafa á uppbyggingu þess, viðhald og rekstur.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni Kortleggja þarf staði eða mannvirki í samgöngukerfinu sem eru sérlega viðkvæm fyrir áhrifum og afleiðingum loftslagsbreytinga.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin / Isavia

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Stefna Íslands í aðlögun að loftslagsbreytingum

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Bætt viðbrögð við náttúrufarsbreytingum, aukið samgönguöryggi.

4.4.5 Bættar flóðavarnir og vöktunar- og viðvörðunarkerfi við samgönguinnviði vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við.

Stutt lýsing á aðgerðinni Greina þörf á bættum flóðavörnum og vöktunar- og viðvörðunarkerfum sem og spám um ölduhæð og áhlaðanda. Koma á fót gagnagrunni yfir tjón á innviðum vegna veðurtengdra atburða.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin / Isavia

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Stefna Íslands í aðlögun að loftslagsbreytingum.

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Bætt viðbrögð við náttúrufarsbreytingum, aukið samgönguöryggi.

4.4.6 Efling almenningsgangna mill höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Fjölgun notenda almenningsgangna – Hlutfall vistvænna farartækja

Stutt lýsing á aðgerðinni Mótuð verði áætlun um að öflugar og kolefnishlutlausar almenningsgangur milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Greind verði á þjónustupörf og þörf

	á aðstöðu fyrir farþega og tímasettar og kostnaðarmetnar tillögur til úrbóta lagðar fram.
Ábyrgðaraðili	IRN / Vegagerðin / Isavia
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Flugstefna, stefna í almenningssamgöngum, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Bættir möguleikar vegfarenda til ferða milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins og samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

4.4.7 Stuðningur við orkuskipti í samgöngum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?	Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
Stutt lýsing á aðgerðinni	Stutt verði við orkuskipti í samgöngum um land allt, þ.m.t. í þungaflutningum, flugi, ferjum og höfnum, og net hleðslustöðva þétt til stuðnings orkuskiptum í dreifðum byggðum og ferðaþjónustu.
Ábyrgðaraðili	IRN / Vegagerðin
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Hraðari orkuskipti í samgöngum sem stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum.

4.4.8 Sjálfbær lífolíuframleiðsla.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?	Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
Stutt lýsing á aðgerðinni	Stigin verða skref til að hefja sjálfbæra lífolíuframleiðslu m.a. til að flýta orkuskiptum í fiskiskipum og unnið að því að greiða götu verkefna á því sviði.
Ábyrgðaraðili	IRN / Vegagerðin
Tímarammi	2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Tilkoma sjálfbærrar innlendrar lífólíuframleiðslu. Hraðari orkuskipti í siglingum.

4.4.9 Umhverfisáhrif flugvalla.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Stutt lýsing á aðgerðinni Unnið verði að ýmsum verkefnum í þá átt að greina betur og draga úr umhverfisáhrifum af flugvöllum. Unnar verði hljóðvistarmælingar við flugvelli og áhrif á nærliggjandi byggð metin. Greindar verði leiðir til þess að draga úr eldsneytisnotkun í og við flugvelli. Horft verði til orkuskipta flugvéla, bíla og tækja á flugvöllum. Einnig verði skoðaðar samgöngur til og frá flugvöllum. Þá verði greining unnin á ástandi á aðgengi að rafmagni á flugvöllum og lendingarstöðum til að mæta þörfum rafmagnsflugvéla.

Ábyrgðaraðili Isavia

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Flugstefna, stefna í almenningsamgöngum, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Bætt umhverfisgæði við flugvelli og samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda. Aukin þekking á hljóðstigi við flugvelli og mat á áhrifum og nærliggjandi byggð.

4.4.10 Mat á kolefnisspori framkvæmda á samgönguinnviðum.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Stutt lýsing á aðgerðinni Unnið verði að því að leggja mat á kolefnisspor og raunlosun gróðurhúsalofttegunda vegna framkvæmda á samgönguinnviðum. Þróað verði líkan að norrænni fyrirmynd til að meta með kerfisbundnum hætti kolefnisspor framkvæmda yfir allan lífsferilinn.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Takmarka kolefnislosun framkvæmda

4.5 Markmið um jákvæð byggðapróun

4.5.1 Lagning bundins slitlags á malarvegi.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Lengd bundins slitlags á stofn- og tengivegum

Stutt lýsing á aðgerðinni Endurskoðun og rýni á hönnunarforsendum við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á umferðarminni vegi.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Byggðaáætlun

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná? Markvissari notkun fjármuna sem ætlaðir eru til lagningar bundins slitlags á malarvegi ásamt því að mögulegt er að flýta lagningu bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi án þess að dregið verði úr öryggi vegfarenda.

4.5.2 Þróun samgöngukerfisins á miðhálandi landsins.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á? Á ekki við

Stutt lýsing á aðgerðinni Unnin verði greining á kostum varðandi þróun samgöngukerfisins á miðhálandi landsins. Greindir verði hvaða vegir þjóna samgöngum almennt og hvaða vegir eru mikilvægir fyrir þróun ferðaþjónustu og sem öryggisvegir.

Mótuð verði stefna um útfærslu hálandisvega í samræmi við landskipulagsstefnu.

Ábyrgðaraðili Vegagerðin

Tímarammi 2024-28

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir Landskipulagsstefna

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Stuðla að bættri ákvarðanatöku og stefnumótun í samgöngum á miðhálandinu,
---------------------------------	---

4.5.3 Skilgreining á heildstæðu leiðarkerfi almenningsamgangna milli byggða.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?	Notkun almenningsamgangna
---	---------------------------

Stutt lýsing á aðgerðinni	Heildstætt leiðakerfi almenningsamgangna milli byggða verði skilgreint með tilliti til samræmdra þjónustuviðmiða og samvirkni leiða.
---------------------------	--

Ábyrgðaraðili	Vegagerðin
---------------	------------

Tímarammi	2024-28
-----------	---------

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Byggðaáætlun, Stefna í almenningsamgögnum
---	---

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Aukin hreyfanleiki, styttri ferðatími og betri almenningsamgöngur
---------------------------------	---

4.5.4 Upplýsingaveita fyrir heildstætt almenningsamgöngukerfi.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?	Notkun almenningsamgangna
---	---------------------------

Stutt lýsing á aðgerðinni	Mótuð verði og innleidd gagnvirk upplýsingaveita fyrir heildstætt almenningsamgöngukerfi
---------------------------	--

Ábyrgðaraðili	Vegagerðin
---------------	------------

Tímarammi	2024-28
-----------	---------

Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Byggðaáætlun, Stefna í almenningsamgögnum
---	---

Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Aukin hreyfanleiki og betri almenningsamgöngur
---------------------------------	--

4.5.5 Staða landsvega utan stofnvegakerfisins.

Hvaða mælikvarða áætlunarinnar er líklegt að aðgerðin hafi áhrif á?	Á ekki við
---	------------

Stutt lýsing á aðgerðinni	Unnin verði greining á stöðu landsvega utan stofnvegakerfisins og þar metin þörf á úrbótum til lengri tíma. Fjármagnsþörf og fyrirkomulag vegbóta á landsvegum utan stofnvegakerfisins verði metið.
---------------------------	---

	Samhliða verði skýrt hvaða vegir á fjöllum, heiðum og eyðilendum falli í flokk styrkvega. Reglur um afnot af vegum sem ekki er haldið við með almannafé yfirfarnar.
Ábyrgðaraðili	Vegagerðin
Tímarammi	2024-28
Samhæfing við aðrar stefnur og áætlanir	Byggðaáætlun
Hvaða áhrifum á aðgerðin að ná?	Bætt utanumhald og yfirsýn yfir vegi sem ekki er haldið við með almannafé.

